

Fundargerð 142. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 7. mars 2019, kl. 9.30 á skrifstofu Kadeco, Skógarbraut 946, 262 Reykjanesbæ.

Mættir:

Ísak Ernir Kristinsson, formaður stjórnar,

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir,

Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Ársreikningur – drög.*

Framkvæmdastjóri fór yfir drög að skýrslu stjórnar ásamt drögum að ársreikningi félagsins. Umræður um reikningsskilaaðferðir. Ákveðið að stjórn og framkvæmdastjóri munu hitta KPMG um útfærslu reikningsskilaaðferða.

3. *Rammaskipulag á Ásbrú – síðari hluti.*

Stjórnarformaður ræddi áframhaldandi vinnu við síðari hluta rammaskipulags á Ásbrú og mikilvægi hennar til að auka virði lóða ríkisins á Ásbrú. Rammaskipulagið hefur verið unnið af Alta í samstarfi við Reykjanesbæ. Stjórn samþykkti að halda áfram vinnu við síðari hluta rammaskipulags í samstarfi við Reykjanesbæ.


4. *Smart Airports.*

Stjórnarformaður upplýsti stjórn um ráðstefnu á vegum Smart Airports sem sótt var á vegum félagsins og tengist Aerotropolis-verkefninu. Stjórn tók jákvætt í umræðuna og telur nauðsynlegt að ýta undir áhuga hagsmunaaðila að sækja sér þekkingu í tengslum við verkefnið sem er framundan með þátttöku í viðeigandi ráðstefnum.

5. *Önnur mál.*

a. *Skógarbraut 946.*

Framkvæmdastjóri lagði til að fasteignin að Skógarbraut 946, sem hýsir félagið, yrði færð inn í efnahag þess og færð á móti skuld ríkissjóðs við félagið. Stjórn fól framkvæmdastjóra að fá verðmat fyrir fasteignina og málið verður tekið fyrir á næsta stjórnarfundum.



b. Verkefni félagsins

Stjórn samþykkti tillögu framkvæmdastjóra um að unnið verði í haginn fyrir framtíðarverkefni félagsins, s.s. að undirbúa breytingu á heimasíðu félagsins og vinna að þeirri samningagerð sem framundan er.


c. Fundur með fjármálaráðuneytinu

Umræður um fund sveitarfélaganna með fjármálaráðuneytinu vegna samráðsverkefnis um Aerotropolis.

Ekki fleiri erindi voru til umfjöllunar undir önnur mál.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn í apríl.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:50.



Isak E. Kristjánsson
Stjórn
Kadeco